

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennd er vangreidd forgangskrafa sóknaraðila, Arnar Braga-sonar, á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., að fjárhæð kr. 10.222,60.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. mars 1988.

Nr. 88/1988. **Ákærvaldið**

gegn

A

Kærumál. Gæsluvarðhald. Krafa um sjúkrahúsvistun. Úrskurður úr gildi felldur og kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins vísað frá saka-dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 17. þ.m. er hingað barst 18. þ.m.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að fallist verði á þá kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, að varnaraðili „verði vistuð á sjúkrahúsi allt til miðvikudagsins 1. júní 1988 kl. 17:00 en til vara að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til“.

Varnaraðili krefst þess að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi en lýsir því jafnframt yfir, að hún hafi ekki uppi mótmæli við aðalkröfu um vistun sína á sjúkrahúsi.

Sakarefni er lýst í hinum kærða úrskurði.

Ríkissaksóknari telur verulega hættu á, að varnaraðili „haldi uppteknum hætti ef hún er látin vera laus meðan máli hennar er eigi lokið“ og jafnframt brýna „nauðsyn á varðhaldi til að verja aðra fyrir árásum hennar og heitingum“. Telur hann því full efni til að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi og vísar í því efni til 67. gr. 1. mgr., 5. og 6. tl., og 2. mgr. sömu greinar laga nr. 74/1974, svo og 66. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af læknisfræðilegum gögnum um heilsufar hennar telur hann hins vegar „einsýnt, að rétt sé að úrskurða hana til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu hennar sé borgið“, sbr. 69. gr. 4. tl. laga nr. 74/1974.

Pegar mál þetta var lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur 16. þ.m. samþykkti varnaraðili aðalkröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um tíma-bundna vistun á sjúkrahúsi og kvaðst „í sjálfu sér samþykk því að verða vistuð á Landspítalanum en ekki Borgarspítalanum, ef það mætti verða liður í að komast í sambyli, svo sem hún hefur verið að óska eftir og lækarnir að benda henni á“. Við þær aðstæður voru eigi efni til að taka málið til úrskurðar og var héraðsdómara rétt að fresta málinu og gefa rannsóknarlögreglu ríkisins færi á að hlutast til um vistun varnaraðila á sjúkrahúsi á grundvelli kröfu sinnar og samþykkis varnaraðila fyrir dómi. Ef tilraunir í þá átt báru ekki árangur var efni til að halda málinu áfram og þá eftir atvikum í öðrum farvegi. Í þessu sambandi er þess og að gæta, að varnaraðili óskaði sjálf læknishjálpar og óvíst hvort sakargiftir gegn henni leiða til opinberrar málssóknar. Ekki var A þörf gæsluvarðhalds vegna rannsóknar þeirra og vandséd, hvaða rök stóðu til að fresta því, að varnaraðili fengi notið læknishjálpar, og andstætt grundvallarreglu 1. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.

Í niðurstöðum skýrslu um geðheilbrigðisrannsókn á varnaraðila 12.-23. febrúar sl. segir m.a.:

„Einkenni A ... og hegðunarmynstur, benda sterklega til þess að hún sé haldin persónuleikatruflun af þeirri gerð sem kallast „*Borderline personality disorder*“, sjúkdómsnúmer 301.9. Þeir einstaklingar sem eru haldnir þessari persónuleikatruflun eru oft og tíðum mjög erfiðir í meðferð og meðferðarárangur oft og tíðum óviss.

Í geðheilbrigðisathugun þessari kemur ekkert fram sem gefur til

kynna að A ... sé ekki fyllilega ábyrg gerða sinna. Álit undirritaðs er að A ... sé því sakhæf.

A ... hefur um langt skeið átt við að stríða alvarlegar persónuleikatrufnanir. Uppvaxtarárin hafa verið henni mjög erfið og greinilegt að þau ár hafa sett sitt mark á hana. Meðferð hefur fram til þessa verið erfið og verður það að líkindum áfram. A ... óskar eftir aðstoð við að komast í sambýli. Hún hefur núna ekki mikla trú á þeirri hjálp sem geðlæknar geta veitt. Þegar dómsyfirvöld hafa lokið umfjöllun sinni um þær kærur sem hafa verið lagðar fram á hendur A ..., þyrfti að fá geðlækni til að taka að sér framhaldsmeðferð. Undirritaður mælir gegn flutningi á geðdeild á þessu stigi málsins.“

Hér kemur greinilega fram, að geðlæknirinn telur varnaraðila haldinn sjúkdómi og þarfnast lækni meðferðar. Er hann lauk geðheilbrigðisathugun sinni 23. febrúar sl. mælti hann „gegn flutningi á geðdeild á þessu stigi málsins“ og virtist telja óhætt að bíða þar til lokið væri umfjöllun „um þær kærur sem lagðar hafa verið fram á hendur“ henni.

Daginn eftir var varnaraðili látin laus úr gæsluvarðhaldi og gerðust nú þau atvik, sem í héraðsdómi eru rakin og leiddu til handtöku hennar á ný og þeirrar kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hér er til meðferðar. Í ljósi þessara atvika og eins og kröfugerð er háttáð var brýn þörf að afla álits geðlæknisins um það, hvort skoðun hans á nauðsyn sjúkrahúsvistar væri óbreytt. Þetta gerði héraðsdómari ekki og byggði niðurstöðu sína á áliti geðlæknisins frá 23. febrúar sl.

Samkvæmt þessu þykir verða að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins að svo stöddu frá sakadómi, en rétt er að leggja málið fyrir á ný, ef sjúkrahúsvistun samkvæmt framansögðu tekst ekki.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að málsvarnarlaun réttargæslumanns varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins vísað frá sakadómi.

Málsvarnarlaun réttargæslumanns varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. mars 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 17. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að A verði vistuð á sjúkrahúsi sbr. 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 1. júní 1988 kl. 16.00.

Verði eigi talin efni á að verða við ofangreindri kröfu um vistun á sjúkrahúsi, er gerð sú krafa til vara, að kærðu verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. apríl 1988 kl. 17.00 með vísan til 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærða hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni. Kærða hefur hins vegar sagt að hún samþykki að verða vistuð á Landspítalanum en ekki Borgarspítalanum, ef það mætti verða liður í að komast í verndað sambýli.

Málavextir eru þessir:

Þann 6. febrúar sl. var kærða úrskurðuð í sakadómi Reykjavíkur til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. febrúar sl. Kærðu var gert að gæsluvarðhaldstímanum að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 17. febrúar sl. var gæsluvarðhaldsvist yfir kærðu framlengd allt til miðvikudagsins 24. febrúar 1988.

Í forsendum þessa úrskurðar kemur m.a. fram, að þrjár kærur bárust til Rannsóknarlögreglu ríkisins þar sem kærða er sökuð um að hafa hótað Ingvari Kristjánssyni geðlækni lífláti og ráðist á hann. Einnig bárust rannsóknarlögreglunni kærur vegna hótana kærðu í garð Jónasar Jóns Halls-sonar, aðalvarðstjóra í Reykjavíkurlögreglunni. Þá var kærða sökuð um að hafa unnið skemmdarverk á eignum í lækningastofu Ingvars og eignum Jónasar.

Vegna þessa alls hefur lögregla oftlega verið kölluð til.

Á gæsluvarðhaldstímanum rannsakaði Tómas Zoëga geðlæknir geðheilbrigði kærðu. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að kærða sé haldin persónuleikatrufun af þeirri gerð sem kallast „Borderline personality disorder“. Þar segir einnig, að ekkert hafi komið fram í rannsókninni, sem gefi til kynna að kærða sé ekki fyllilega ábyrg gerða sinna og er það álit læknisins að kærða sé sakhæf. Þá mælir hann gegn því að kærða sé flutt á geðdeild.

Síðan kærða var látin laus úr gæslu hinn 24. febrúar sl., hafa rannsóknarlögreglunni borist þrjú erindi vegna meintra hótana og ónæðis kærðu í garð ýmissa aðila.

Þann 3. mars sl. barst lögreglunni kæra Stefaniu Helgadóttur, eiginkonu áðurnefnds Jónasar J. Hallssonar, þess efnis að síðan kærða losnaði úr varðhaldi þann 23. febrúar sl. hafi hún margítrekað hringt í Stefaniu og hótað henni og fjölskyldu hennar illu.

Þann 7. mars sl. þurfti lögreglan að vakta heimili Björgvins Bjarnasonar læknis vegna meintra hótana kærðu í garð eiginkonu læknisins, m.a. líf-látshótana.

Hinn 14. mars sl. skýrði áðurnefndur Ingvar lögreglu frá því að kærða hefði oftlega hringt í starfsstöð Ingvars og verið með hótanir. Í skýrslu, sem símastúlka Ingvars hefur gefið hjá lögreglu staðfestir hún þetta.

Kærða var vegna þessa boðuð til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglu, en sinni því engu og var handtekin á heimili sínu og færð til yfirheyrslu að undangengnum úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkevðnum 15. mars sl.

Kærða hefur í yfirheyrslu fyrir dómi viðurkennt að hafa hringt í Björgvin og konu hans, en kveðst þó ekki muna hvort hún hótaði þeim.

Þá kveðst kærða ekki heldur muna hvort hún hótaði að gera Jónasi, Stefaniu eða börnum þeirra mein, en kveður það hins vegar sinn stíl að hóta fólki.

Í yfirheyrslu fyrir dómi hefur kærða viðurkennt að hafa haldið áfram hótunum við Ingvar á þá lund er áður greinir.

Kærða hefur við yfirheyrslur sagt að henni sé engin alvara með hótunum sínum, heldur sé hún sjúk kona í leit að aðstoð.

Í 69. gr. laga nr. 74, 1974 kemur fram hvenær gæsluvarðhaldi megi ekki beita og til hverra úrræða verði gripið í stað þess. 4. t. greinarinnar tekur m.a. til sjúklinga, sem eftir læknisráði skal úrskurða til geymslu á spítala eða öðrum viðeigandi stað. Í niðurstöðum gedheilbrigðisrannsóknar læknisins Tómasar Zoëga, sem undirrituð er 23. febrúar 1988, kemur fram að óhentugt væri að kærða verði flutt á geddeild „á þessu stigi málsins,“ eins og komist er að orði. Þá kemur einnig fram, að þó kærða sé haldin persónuleikatruflunum telji læknirinn hana sakhæfa.

Verður því að álykta, þrátt fyrir að líta megi svo á að kærða fallist á kröfu rannsóknarlögreglunnar um vistun á sjúkrahúsi, að skilyrðum 4. t. 69. gr. sé ekki fullnægt.

Samkvæmt gögnum málsins hefur framferði kærðu valdið verulegum óþægindum hjá því fólki sem í hlut á. Bendir hegðun kærðu síðustu daga ekki til þess að hún hafi í hyggju að láta af hótunum sínum. Brot kærðu geta varðað við 106. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þegar litið er til þess sem að framan er rakið verður að úrskurða kærðu í gæsluvarðhald, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Skal kærða sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. apríl 1988 kl. 17.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um að kærða, A, verði vistuð á sjúkrahúsi, er synjað.

Varakrafa Rannsóknarlögreglu ríkisins er tekin til greina og skal kærða, A, sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. apríl 1988 kl. 17.00.

Föstudaginn 25. mars 1988.

Nr. 284/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Erni Eliassyni og

Báru Helgu Bjarnadóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Höfundaréttur. Bifreiðar. Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1987 af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu og ökuleyfissviptingu að því er ákærða Kristján Örn varðar, en til sakfellingar og ákvörðunar refsingar að því er snertir ákærðu Báru Helgu. Ákærði Kristján Örn hafði óskað áfrýjunar fyrir sitt leyti.

I.

Samkvæmt gögnum málsins fyrir Hæstarétti var samningur milli CIC Video annars vegar og Háskólabíós og Laugarásbíós hins vegar, sem um ræðir í héraðsdómi, síðast framlengdur með bréfum